

BLANDAÐ BÓLUEFNI**Bóluefni gegn lambablóðsótt, flosnýrnaveiki (garnapest) og bráðapest**

Bóluefnið er blanda af sýklum og eiturefnum þeim, sem valda lambablóðsótt, flosnýrnaveiki og bráðapest. Hvort tveggja hefur verið gert óvirkt með formalínmeðferð.

Notkun: Bóluefnið er notað til þess að verja nýfædd lömb gegn lambablóðsótt með því að bólusetja ærnar á meðgöngu. Þær framleiða þá mótefni sem þær skila yfir í lömbin með broddmjólkinni. Bóluefnið veitir þá einnig nokkra vörn gegn flosnýrnaveiki í 2–3 vikna gömlum lömbum. Þar sem mikil brögð eru að flosnýrnaveiki hefur reynst vel að bólusetja lömbin u.þ.b. þriggja vikna gömul. Bóluefnið má einnig nota á haustin til varnar bráðapest og garnapest og fæst þá um leið grunnbólusetning gegn lambablóðsóttinni.

Bólusetningarleiðbeiningar:

1. Gegn lambablóðsótt:
 - a. Grunnbólusetning að hausti: Bólusetjið ásetningslömb, helst tvisvar sinnum með að lágmarki tveggja vikna millibili, en betra er að láta fjórar vikur líða.
 - b. Yngra fé sem hefur verið grunnbólusett að hausti: Bólusetjið allar fengnar ær u.þ.b. hálfum mánuði fyrir burð.
 - c. Fé sem ekki hefur verið bólusett að hausti: Bólusetjið yngra fé tvisvar sinnum fyrir burð, fyrst 4-6 vikum fyrir burð og svo aftur 2-4 vikum síðar um leið og eldri ærnar eru bólusettar.
 - d. Ef mikil brögð að lambablóðsótt undangengin ár: Bólusetjið allt fé tvisvar fyrir burð með 2-4 vikna millibili.
2. Gegn bráðapest og flosnýrnaveiki/garnapest að hausti: Bólusetjið (ásetnings-)lömb. Ráðlegt er að bólusetja tvisvar með 2-4 vikna millibili. Þar sem pestarhætta er mikil er ráðlegt að bólusetja líka veturgamalt fé. Ef það hefur verið bólusett áður nægir ein bólusetning.
3. Gegn flosnýrnaveiki/garnapest. Sé veikin vandamál í eldri lömbum (> þriggja vikna): Bólusetjið lömbin u.þ.b. þriggja vikna gömul. Bestur árangur fæst með tvíbólusetningu með 2-4 vikna millibili.

Bólusetning: Notið dauðhreinsaðar sprautur og nálar. Sprautið 2 ml undir húð. Nota má hálfan skammt í lömb að vori (1 ml). Gætið ávallt ítrasta hreinlætis. Skipta skal oft um nálar og strax ef nál óhreinkast.

Varnaðarorð: Gætið þess að fengnar ær verði fyrir sem minnstu hnjaski við bólusetninguna. Fyrstu dagana eftir bólusetningu skal hlífa fénu við áreynslu, kulda og sulti.

Fyrning og geymsla bóluefnis: Notið bóluefnið ávallt fyrir þann tíma sem stimplaður er á glösin. Átekin glös skal helst klára innan sólarhrings frá því þau eru opnuð. Bóluefnið skal geyma á köldum, dimmum stað (2-8 °C)

Biðtími fyrir afurðanýtingu: 0 dagar.